

Leikskólinn Árbær

Lýðræðislegir dagar

Lýðræði í leikskólastarfi



Anna Magnea Hreinsdóttir
6/10/2013

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Nafn skóla	3
Nafn verkefnisins	3
Nafn verkefnisstjóra	3
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	3
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði	4
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	6
Afurðir og niðurstöður verkefnisins	6
Mat á verkefni samkvæmt umsókn	13
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	14
Lokaorð	14
Heimildir	16

Nafn skóla

Leikskólinn Árbær

Nafn verkefnisins

Lýðræðislegir dagar

Nafn verkefnisstjóra

Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi Garðabæjar

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið þróunarverkefnisins er þrjúþætt:

1. Að semja námskrá í lýðræði og mannréttindum fyrir leikskólann Árbæ.
2. Að starfsfólk leikskólans fái kynningu og þjálfun í lýðræðislegum starfsaðferðum.
3. Að starfsfólk leikskólans skilgreini þátt lýðræðis og mannréttinda í starfi leikskólans.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (2011) er forsenda lýðræðis samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum.

Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýninni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla engu síður en samstarfi í skólanum. Leiðarljós leikskólastarfs taka mið af því að leikskólinn sé vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eiga foreldrar, starfsfólk og börn að vera samstarfsaðilar. Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Stuðla ber að jafnrétti og virkri þátttöku barna í leikskólastarfi með því að skapa þeim tækifæri til að upplifa lýðræðisleg vinnubrögð og samskipti í daglegu starfi. Þannig öðlast þau

skilning á því hvað lýðræði felur í sér, læra lýðræðisleg gildi og vinnubrögð og þróa með sér borgaravitund. Virða skal innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð. Lögð skal áhersla á að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings og veita börnum stuðning í daglegum samskiptum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Leikskólinn Árbær – gerð námskrá í lýðræði

Af framansögðu er ljóst að gert er ráð fyrir virkri þátttöku barna, starfsfólks og foreldra í leikskólastarfi, að leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra og gert ráð fyrir að þau hafi áhrif á starfsemina. Í leikskólanum Árbæ í sveitarfélaginu Árborg kviknaði sú hugmynd hjá leikskólastjóranum að vinna þróunarverkefni um gerð námskrár í lýðræði. Sótt var um styrk til Sprotasjóðs og leitað að verkefnastjóra til að halda utanum verkefnið. Verkefnið fólst í fræðslu og umræðum, í hugmyndavinnu og í þróun lýðræðislegra starfshátta innan leikskólans. Að endingu var skrifuð námskrá í lýðræði fyrir leikskólann og skýrsla um verkefnið.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Í leikskólanum Árbæ kviknaði sú hugmynd hjá leikskólastjóranum að vinna þróunarverkefni um lýðræði. Sótt var um styrk til Sprotasjóðs og ákveðið að fá utanaðkomandi verkefnastjóra til að halda utanum verkefnið. Verkefnið fólst í fræðslu og umræðum, í hugmyndavinnu og í þróun lýðræðislegra starfshátta innan leikskólans. Að endingu var skrifuð námskrá í lýðræði fyrir leikskólann og skýrsla um verkefnið.

Með markmið verkefnisins í huga þótti við hæfi að styðjast við aðferðir starfendarannsóknna en þá fá kennarar tækifæri til að ígrunda störf sín og þar með styrkja sig faglega og stuðla að framþróun í starfi. Framþróun í leikskólastarfi getur átt sér stað sem margir lýðræðislegir sprotar í daglegu starfi þar sem börn og kennarar kanna, rannsaka, ræða og ígrunda stórt og smátt. Slíkir starfshættir breyta viðhorfum þeirra sem upplifa þá og sjá kennarar þá oft nám barna og þekkingarleit í nýju ljósi. Ferlið er í fyrirrúmi og hvert skref er tekið út frá fyrri skrefum. Markmiðin felast í ferlinu sjálfu og þeirri reynslu og námi sem situr eftir hjá þeim sem tóku þátt.

Að mati Eddu Kjartansdóttir (2010), Hafþórs Guðjónssonar (2008) og Hopkins (1992) eru kennararnir sjálfir við stjórnvölinn í starfendarannsóknum og fá tækifæri til að staldra við

og ígrunda störf sín og styrkja sig faglega í daglegu starfi. Starfsmannahópur sem tekur þátt í starfendarannsókn lærir af verkefninu og gerir þær breytingar á starfsháttum sem hann telur þurfa á meðan á verkefninu stendur. Þannig eflir hópurinn áhrif sín á eigið starf (Kemmis, 1993). Þetta verkefnið var samstarfsverkefni kennara og barna og um leið starfendarannsókn kennaranna í samstarfi við utanaðkomandi verkefnastjóra. Það má því segja að verkefnið hafi verið það sem kallað er samvinnuverkefni eða samvinnurannsókn (e. collaborative action research) (Ainscow, Boot og Dyson, 2004; Bello, 2006). Í slíkum samvinnuverkefnum leggur hver sína sérþekkingu af mörkum (Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Aðferðin getur falið í sér valdeflingu þeirra sem taka þátt og getur að því leiti falið í sér lýðræðisumbót (Kincheloe, 2006). Slík aðferð krefst virkni þátttakenda svo að þeir hafi áhrif á framgang verkefnisins, sjái að athafnir þeirra leiða til einhvers og að með því að innleiða lýðræðislega starfshætti í leikskólann hafi þátttakendur áhrif á starfsemi hans (Kincheloe, 2006; McNiff, 2002).

Grundvallarskref samvinnurannsóknar og um leið framkvæmdaráætlun verkefnisins eru eftirfarandi (McNiff, 2002):

- Núverandi starfshættir eru endurskoðaðir
- Afmörkun á þáttum sem krefjast frekari skoðunar
- Hugarflug um framtíðarstarfshætti
- Nýjar starfsaðferðir reyndar
- Fylgjast með því sem gerist og hnökrar sniðnir af
- Mat á þróun starfshátta

Ásamt ofangreindum skrefum var reglulega staðið að fræðslu um lýðræðislegan skólabrag og starfshætti fyrir starfsmannahópinn, um kerfisbundnar aðgerðir til að efla lýðræði í leikskólanum og um lýðræði og mannréttindi í leikskólastarfi ásamt ígrundun og umræðum.

Ákveðið var að helga starfsdegi í ágúst 2012 og í janúar 2013 fræðslu og umræðum um lýðræðislega starfshætti og að fá fram hugmyndir starfsmannahópsins að verkefnum og aðstæðum sem þörfuðust skoðunar hvað lýðræði varðar. Til að fylgjast með því sem gert var og skrá ferlið voru haldnir mánaðarlegir fundir veturinn 2012-2013 með verkefnisstjóra, leikskólastjóra, deildarstjórum og sérkennslustjóra. Einnig héldu deildarstjórar dagbækur í fjóra mánuði til að fylgjast með því hvernig þeir töldu ganga að innleiða lýðræðislegan deildarbrag á deildinni sinni.

Á starfsdegi í byrjun ágúst 2012 ákvað starfsmannahópurinn að afmarka þróunarverkefnið við eftirfarandi þætti:

- Gerð samskiptasáttmála fyrir börn, foreldra og starfsfólk,
- Hugmyndir um samþætt lýðræðisnámi í daglegu starfi,
- Fræðslu um lýðræðislega samræðu og samvinnu,
- Hugmyndir um formleg tækifæri til þátttöku barna, foreldra og starfsfólks í starfi leikskólans,
- Gerð námskrá í lýðræði og mannréttindum.

Ennfremur var fjallað um mikilvægi lýðræðis í leikskólastarfi út frá lögum, aðalnámskrá, kenningum og fræðum. Gerð var grein fyrir einkennum lýðræðislegra starfshátta, lýðræðislegs skólabrags og deildarbrags í leikskólum. Stefnt var að því að móta og skrifa lýðræðisnámskrá leikskólans á meðan á verkefninu stóð og því verki lauk vorið 2013.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið hafið	Maí 2012
Fræðslufundir fyrir starfsfólk	Ágúst 2012
Hugarflugsfundur með starfsfólki	Ágúst 2012
Tillögur að starfsháttum kynntar	Ágúst 2012
Unnið samkvæmt tillögum	September 2012 – Des 2012
Mánaðarlegir fundir um verkefni	September 2012 – Apríl 2013
Starfshættir endurskoðaðir	Janúar 2013
Starfshættir innleiddir markvisst	Janúar 2013 - Maí 2013
Verkefni metið- rýnihópar	Júní 2013
Skýrsla skrifuð	Júní 2013

Afurðir og niðurstöður verkefnisins

Afurðir verkefnisins urðu:

1. Samskiptasáttmáli fyrir börn, foreldra og starfsfólk
2. Samþætt lýðræðisnám í daglegu starfi
3. Lýðræðisleg samræða og samvinna
4. Formleg tækifæri til þátttöku í starfi leikskólans
5. Námskrá í lýðræði og mannréttindum

Samskiptasáttmáli fyrir börn, foreldra og starfsfólk

Þar sem lýðræðislegir starfshættir í leikskólum felast fyrst og fremst í daglegum samskiptum barna, foreldra og starfsfólks var ákveðið að hefja þróunarverkefnið á því að endurskoða gildandi samskiptasáttmála Árbæjar. Í ljós kom að hann miðaðist við starfsfólkið og starfsandann í leikskólanum. Helstu áherslur hans voru að:

- starfsandinn í Árbæ einkennist af jákvæðni, hjálpsemi, sveigjanleika, húnor og gleði,
- starfsfólk hlakki til að mæta í vinnuna,
- starfsfólk styðji hvert annað og hefði gaman saman utan og innan vinnustaðarins,
- virðing sé borin fyrir öllum.

Þegar starfsmannahópurinn skoðaði sáttmálann með lýðræðislega starfshætti í huga þá ákvað hann að sáttmálanum yrði breytt þannig að hann næði einnig til barnanna og foreldra þeirra. Sáttmálinn var ræddur á sameiginlegum starfsmannafundi, á deildarfundum hverrar deildar og ný útgáfa samþykkt. Ákveðið var að efna til hugmyndasamkeppni um merki leikskólans meðal barna, foreldra og starfsfólks sem prýða á samskiptasáttmálann. Helstu þættir endurskoðaðs sáttmála eru að umhyggja og aðgát á að skipa stóran sess í skólabrag Árbæjar og starfsfólk á að mynda góð og nán tengsl við foreldra og börnin. Í sáttmálanum segir einnig að starfið í Árbæ eigi að einkennast af gleði og ánægju svo að börn og starfsfólk hlakki til að mæta í leikskólann, jákvæðni og kurteisi á þann hátt að vel sé tekið í hugmyndir og að allir velji að vera í góðu skapi og brosa. Virðingu og hjálpsemi var talið mikilvægt að sýna svo og aðgát í nærveru sála. Starfsfólk lagði áherslu á að allir tækju virkan þátt í starfi leikskólans, sýndu stuðningi og ynnu saman á uppbyggilegan hátt. Að lokum taldi starfsfólkið áhuga á starfsemi leikskólans mikilvægan og að geta sýnt sveigjanleika. Einnig að hugað sé að því fyrir hvern hlutirnir eru gerðir og af hverju.

Hlutverk starfsfólks, barna og foreldra voru einnig skilgreind í samskiptasáttmálanum. Var áhersla lögð á að *starfsfólkið* gefi sér tíma til samráðs, að upplýsingaflæði milli fólks sé gott og skýr skilaboð gefin, að starfsfólk virði, hrósi og hvetji hvert annað til sjálfstæðis og frumkvæðis. Mikilvægt er að starfsfólk hlusti á aðra og virðir skoðanir þeirra, sé hreinskilið og heiðarlegt, samábyrgt og viðheldur góðri liðsheild. Einnig að starfsfólk sé jákvætt og hafi gaman af starfi sínu, sé stundvíst og virði tíma hvers annars. Tilgreint var að starfsfólk þurfi að taka athugasemdir og ábendingum á jákvæðan hátt og læra af mistökum sínum.

Í samskiptum *foreldra* og starfsfólks kom starfsfólkið sér saman um að leggja áherslu á vellíðan barnanna og að vinna saman að velferð þeirra, sýna hvert öðru skilning, virðingu og

traust. Að deila upplýsingum og sjónarmiðum um framfarir barnsins og taka sameiginlega ákvarðanir um nám þess. Mikilvægt taldist að nýta dagleg tækifæri til samskipta, til að ræða saman um líðan, nám og þroska barnsins og að meta skólastarfið saman.

Í sáttmálanum kemur fram að *börnin* eigi að fá tækifæri til að njóta bernsku sinnar í leikskólanum Árbæ, að upplifa gleði og ánægju í daglegu starfi, fá að koma með hugmyndir sem vel er tekið í og fá gott viðmót. Börnin eiga að fá að læra að hjálpast að, sýna aðgát og vera nærgætin. Þau eiga að fá tækifæri til að taka virkan þátt í starfi leikskólans, koma með hugmyndir, fá að segja skoðun sína og að hlusta á skoðanir annarra og eru studd á uppbyggilegan hátt í leikskólanum.

Samþætt lýðræðisnámi í daglegu starfi

Deildarfundir voru nýttir í umræðu um hvernig hægt væri að auka lýðræði í daglegu lífi barnanna í leikskólanum. Þær hugmyndir sem ræddar voru og reyndar fólust í því að:

- efla og styrkja starfsfólkið í að veita börnunum frelsi til að velja. Sem dæmi má nefna sveigjanleika varðandi hvað þau borða af því sem í boði er, hvort þau noti smekk eða ekki, hvaða leikföng/ leikefni þau vilji nota hverju sinni og við hverja þau leiki sér,
- klæðnaður er líka eitthvað sem börnin geta meira haft um að segja, í hverju þau fara út eða í salinn, en þó innan skynsamlegra marka. Stundum þarf maður að verða blautur í fæturna eða kaldur á fingrunum til að átta sig á nytsemi stígvéla eða vettlinga,
- semja sameiginlegan markmiðalista á hverri deild í upphafi annar. T.d. gæti starfsfólk sett sér markmið um hvað það vill að veturinn beri í skauti sér í samvinnu við börnin.
- börnin velji hvaða staði við heimsækjum í nærumhverfi leikskólans. Gönguferðir verði skipulagðar út frá því sem börnin vilja sjá eða hafa verið að tala um. Einnig væri hægt að búa til hugmyndabanka í upphafi vetrar, setja hugmyndir af stöðum í krukku og draga svo reglulega miða upp úr krukku,
- börnin fá að taka þátt í vali á viðfangsefni fyrir listakot og sal eins oft og hægt er.
- hafa myndir af öllum efnivið og öllum leikföngum sem eru í boði fyrir börnin í vali og leyfa börnunum að velja hvað verður í vali. Börnin skiptast á að velja hvað verður í vali hverju sinni. Einnig má hafa valmyndir uppi en börnin geta valið um eitthvað annað en þar er,
- allur efniviður er aðgengilegur fyrir börnin, að bækur, leikföng og efniviður sé í þeirri hæð svo að börnin geti nálgast hann. Einnig að möguleiki sé fyrir hendi að leikefni/bækur komi að heiman og að börnin fái að vera með það í leikskólanum,

- starfsfólk gefi sér góðan tíma í að hlusta á börnin og þarfir þeirra,
- börnin taki þátt í að búa til umgengisreglur og aðrar reglur á deildinni,
- skipulag taki mið af því að börnin geti leikið í smærri hópum og að öll börnin séu ekki úti og inni á sama tíma,
- skipulag sé skýrt og myndrænt og að börnin taki þátt í að móta það og þróa,
- starfsfólk sé í nálægð við börnin í matartíma, í leik, í fataherbergi, í útiveru og noti þá tíma til lýðræðislegra samskipta við börnin,
- börnin velja bækur til að lesa,
- hlutverk fyrir börnin, svo sem söngstjóri, veðurfræðingur og þjónn,
- gönguferðir farnar og meirihluti barnanna ræður hvert er farið,
- hugarflugsvinna með þátttöku barna og starfsfólks um hvað á að gera í listakrók og tónlist,
- starfsfólk geri það sem það er fært í – nýta mannauðinn,
- auka rýnihópa og nefndir um tilgreind mál eins og skipulag afmælis, sumarhátíðar o.fl.

Í umræðum starfsfólks kom í ljós hversu stóran þátt dagskipulagið gegnir í því að stuðla að lýðræði í leikskólanum eða draga úr því. Með því að minnka barnahópana og auka nálægð starfsfólks við börnin var hægt að auka lýðræði í samskiptum barna og starfsfólks, auka val barnanna og sjálfsákvörðunarrétt þeirra og fylgja áhugasviði hvers barns í auknu mæli.

Lýðræðisleg samræða og samvinna

Starfsfólk leikskólans var frætt um lýðræðislega samræðu og samvinnu á starfsdeginum í ágúst. Var lögð áhersla á að allt starfsfólk sæti við sama borð varðandi aðgang að upplýsingum svo að það gæti tekið upplýsta afstöðu til málefna og fengi tækifæri til að „melta hlutina“ eins og einn leikskólakennarinn orðaði það áður en hann þyrfti að ákveða sig. Rætt var um hvernig staðið væri að því að jafna stöðu/völd í starfsmannahópi sem samanstendur af leikskólakennurum í minnihluta og ófaglærðu starfsfólki í meirihluta, í samskiptum starfsfólks og barna og/eða starfsfólks og foreldra. Í því sambandi er mikilvægt að borin sé virðing fyrir bakgrunni hvers og eins og að allir hafi eitthvað fram að færa í því að gera leikskólastarf eins gott og unnt er. Lögð var áhersla á að allir hefðu rétt á því að segja hug sinn, að á hann sé hlustað og að viðkomandi hlusti einnig á aðra starfsmenn í starfsmannahópnum. Brynt var fyrir starfsmannahópnum að gefa rými fyrir ágreining og að fólk þyrfti ekki að vera sammála. Í því samhengi er einnig mikilvægt að geta sett sig í annarra spor og séð málín úr frá sjónarhóli annarra. Mikilvægt hlutverk stjórnenda er að miðla málum

Þegar málefnið hafa verið rædd og að ljúka umræðu með því að komast að niðurstöðu sem flestir geti unnið eftir. Þá er mikilvægt að sem flestir komist frá málinu með sigur í hjarta. Að lokum þarf starfsmannahópurinn að átta sig á því að hann þarf að taka sameiginlega ábyrgð á niðurstöðu og fylgja henni eftir. Í því felst ábyrg starfsmannsins á starfi sínu. Þegar starfsmannahópurinn hefur náð góðum tókum á þessum vinnubrögðum getur hann kennt barnahópnum þau.

Formleg tækifæri til þátttöku í starfi leikskólans

Með það fyrir augum að auka formleg tækifæri barna, starfsfólks og foreldra til þátttöku í starfi leikskólans var ákveðið að skoða áætlanagerð, almenna ákvörðunartöku, mat á starfi leikskólans og mat á námi barnanna, en það eru þeir þættir sem lögð er áhersla á að vinna lýðræðislega í Aðalnámskrá leikskóla (2011).

Starfsfólk Árbæjar kom auga á að hægt væri að vinna áætlanir t.d. fyrir listaskála og sal saman, þvert á deildir. Einnig taldi starfsfólkið hægt að endurskoða valkerfin sem væru notuð inni á nokkrum deildum og gera þau lýðræðislegri. Áhugi var á því að börnin kæmu að því að búa til umgengisreglur inni á deildum, þá sérstaklega eldri börnin.

Allar ákvarðanir eru teknar á deildarstjórafundum eða á deildarfundum og virtist ríkja lýðræði í þeim málum á leikskólanum. Sáu deildarstjórnir tækifæri í því að auka við nefndir í kringum ákveðin atriði, má þar nefna matarnefnd með þátttöku barna sem færi reglulega yfir matseðilinn með matráði, afmælisnefnd sem hefði það hlutverk að endurskoða hvernig haldið er uppá afmæli barnanna í leikskólanum. Taldi starfsfólkið þátttöku barna, starfsfólks og jafnvel foreldra í nefndum auka fulltrúalýðræðið í leikskólanum.

Verkefnastjóri útbjóg bækling með upplýsingum um mat barna á starfi leikskólans og hvaða aðferðir væru heppilegar til þess og voru þær ræddar á skipulagsdegi í janúar 2013. Taldi starfsfólkið þær koma að gagni í daglegu starfi og að börnin gætu metið reglulega ýmsa þætti í starfinu svo sem útiveru, valstundir, matartíma, samverustundir svo eitthvað sé nefnt. Starfsfólkið nýtir deildarfundir og deildarstjórafundi í mat á starfi leikskólans með kerfisbundnum hætti. Reglulegar kannanir eru lagðar fyrir foreldra af hendi bæjarfélagsins og eru deildarstjórnir í góðu sambandi við foreldra í foreldraviðtölum. Hluti af þeim snúast um mat foreldrana á starfi leikskólans. Hluti af undirbúningi fyrir foreldraviðtölin er skráning á framförum barnanna í Heilsubók barnsins. Starfsfólk ákvað í kjölfar verkefnisins að vinna þá skráningu á lýðræðislegri hátt en áður. Oft hefur deildarstjórnir séð einn um að skrá í heilsubókina en nú var lögð áhersla á að vinna skráninguna á deildarfundum því betur sjá

augu en auga. Fannst starfsfólkinu sú umræða sem skapaðist um börnin skila miklu. Ófaglærða starfsfólkið lærði mikið af henni og leikskólakennararnir sáu að þeir gátu kennt starfsfólki deildarinnar mikið um framfarir hvers barns og að starfið á deildinni hafi orðið faglegra fyrir vikið. Lýðræðislegri vinnubrögð við skráningu á námi barnanna var þó tímafrekara. Var vilji til að foreldraviðtölin yrðu gagnvirkari en áður og fannst deildarstjórunum það hafa tekist vel.

Námskrá í lýðræði og mannréttindum

Unnið var að námskrá leikskólans á starfsdegi í janúar. Kom hver deild saman til umræðu og hugarflugs. Síðan hittist starfsmannahópurinn á sal og var farið yfir þær tillögur sem fram komu á deildarfundunum. Var góður samhljómur milli deilda og svipaðar hugmyndir.

Niðurstaða starfsmannanna var sú að námskránni væri skipt í eftirfarandi þætti:

- Leikskólinn og samfélagið
- Börnin
- Starfsfólkið
- Foreldrar

Átti hver þáttur að hefjast á markmiði og þær leiðir sem starfsfólkið kom sér saman um síðan tilgreindar á eftirfarandi hátt:

Leikskólinn og samfélagið

Lýðræðislegt uppeldi í Árbæ gerir ráð fyrir samstarfi út fyrir vegg leikskólans engu síður en samstarfi í skólanum. Starfshættir leikskólans taka mið af umhverfi leikskólans og er leikskólinn virkur þátttakandi í samfélaginu. Stefnt er að virku samstarfi við æskulýðs- og íþróttastarf og grenndarsamfélag innan Árborgar með áherslu á samábyrgt og sjálfbært samfélag. Það verður gert með:

- heimsóknnum í nánasta umhverfi leikskólans og umræðum um það sem þar er að finna,
- þátttöku í viðburðum á vegum sveitarfélagsins svo sem fyrir jóla,
- kynningu á íþróttastarfi í sveitarfélaginu með t.d. íþróttadegi,
- samstarfi við eldri borgara í Grænumörk,
- samstarfi við bókasafn, tónlistarskóla, leikskóla, grunnskóla, kirkju, lögreglu og slökkvilið með reglulegum heimsóknnum ásamt samstarfi við leikfélag Selfoss,
- því að halda Dag leikskólans hátíðlegan og gera starf leikskólans sýnilegt í samfélaginu.

Börnin

Í leikskólanum Árbæ er vilji til að virða innsæi, reynslu, færni og skoðanir barna og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfsins og gefa þeim þannig tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum um verkefni og vinnubrögð. Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti leikskólans Árbæ. Í samstarfi við önnur börn og fullorðna skiptast þau á skoðunum, finna lausnir og miðla málum. Leggja á áherslu á að virða sérstöðu og sjónarmið hvers einstaklings og veita börnum stuðning í daglegum samskiptum.

Það verður gert með því að:

- börnin koma að vali á viðfangsefnum og leiksvæði
- dagskipulagið sé sniðið að einstaklingsmiðuðum þörfum barnanna með sveigjanlegu skipulagi,
- hlusta á börnin á virkan hátt – vinna út frá þeirra áhugasviði,
- gefa rúman tíma til að vinna/leika,
- starfsfólkið sé með börnunum úti og inni,
- veita börnunum ábyrgð og treysta þeim,
- auka lýðræðið og þátttöku barnanna með aldri þeirra.

Starfsfólkið

Leikskólastjóri Árbæjar er faglegur leiðtogi leikskólans og leiðir lýðræðislegt samstarf ólíkra hópa sem starfa innan leikskólans. Allt starfsfólk leikskólans á að hafa möguleika á að taka virkan þátt í starfi leikskólans og að hafa áhrif.

Það verður gert með því að:

- starfsfólk upplifi sig sem þátttakendur í að ákvarða skipulag,
- starfsfólk fái góðar upplýsingar,
- starfsfólk komi til móts við hvert annað,
- nýta vel deildarfundi/starfsmannafundi/skipulagsdaga til umræðu.

Foreldrar

Í leikskólanum Árbæ er farið fjölbreyttar leiðir í samstarfi við fjölskyldur barnanna. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hver annarra. Milli starfsfólks og fjölskyldna barnanna á að ríkja traust og gagnvirk samskipti þar sem aðilar geta deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn.

Það verður gert með því að:

- eiga góð dagleg samskipti,
- hafa foreldraviðtöl og foreldrakaffi tvisvar á ári,
- hafa kynningafund að hausti og senda reglulega tölvupóst/upplýsingabréf,
- foreldraráð og foreldrafélag sé virkt,
- virða skoðanir foreldra varðandi uppeldi barnsins og aðbúnað á leikskólanum,
- gefa sig að foreldrum í daglegum samskiptum,
- vinna vel að aðlögun í upphafi og einnig þegar börn fara yfir á eldri deildir,
- tala um styrkleika barnsins – margt sem gerist í daglegu starfi sem gaman er að deila með foreldrum,
- virða fjölbreytileika foreldrahópsins og nýta hæfileika foreldra,
- hvetja foreldra til að taka þátt í starfi leikskólans, t.d. íþróttadegi.

Verður unnið að nánari útfærslu á námskránni í daglegu starfi inni á hverri deild í samræmi við aldur barnanna.

Mat á verkefni samkvæmt umsókn

Mat á verkefninu fór fram í rýnihópi stjórnenda leikskólans en í honum áttu sæti leikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri. Rýnihópaviðtalið fór fram þriðjudaginn 4. júní 2013 í leikskólanum.

Stjórnendur leikskólans lýstu því hvernig þróunarverkefnið hefði styrkt þær í trú sinni á gildi lýðræðis í leikskólastarfi. Þeir töldu þó lýðræði vera flókið og hugtakið vítt.

Deildarstjórnarnir sögðu hugarfarsbreytingu hafa orðið í leikskólanum þennan vetur. Þeir töldu sig vera meðvitaðri um hvernig þeir starfa og spyrja sig oft að því hvort ákvörðun sem þeir taka eða mál sem þeir þurfa að taka á hvort það sem þeir gera „er lýðræðislegt?“

Deildarstjórnarnir töldu „stífnina farna úr húsinu, andinn er öðruvísi, fólkið er slakara og líður betur.“ Stjórnandi taldi „meiri umræðu vera um starfið og við meiri fagmenn.“

Stjórnendurnir sögðu ellefu starfsmenn vera að fara í nám, bæði grunnnám og framhaldsnám og töldu það vera einn afrakstur verkefnisins, meiri áhugi á starfinu og löngun til að halda áfram að læra. Spurðir að því hvort einungis hafi orðið hugarfarsbreyting í leikskólanum, eða hvort þeir merktu breytingu í starfi þá var svarið „hugur og hönd fara saman, starfið hefur einnig breyst“ sagði deildarstjóri.

Helsta breytingin gagnvart starfsfólkinu fólst í því að „þær átta sig betur á því að þær geta sjálfar tekið ákvarðanir“ sagði deildarstjóri. „Það var gott fyrir starfsfólk að koma sér út

úr lærðu hjálparleysi, starfsfólkið hefur gott af því að hugsa og ákvarða sjálf, leysa hlutina sjálf... það gengur allt smurt inni á deild þó að ég deildarstjórinn sé ekki á staðnum“ sagði deildarstjóri.

Varðandi börnin þá fannst deildarstjóra „starfsfólk farið að horfa öðruvísi á starfið og spyr sig af hverju segi ég nei við barnið.“ „Við hlustum meira á börnin“ sagði hann. Börnunum bauðst val í flestum aðstæðum og tók deildarstjóri dæmi af stúlku „sem gengur um brosandi af því að hún hefur meira um daglegt líf sitt að segja, t.d. hvernig hún klæðir sig áður en hún fer út.“ Stjórnandi sagði börnin vera að læra lýðræði í lýðræði.

Leikskólastjóri upplýsti foreldra um verkefnið í fréttabréfi haustið 2012. Einnig var talað um það í foreldraviðtölum og er fyrirhugað að kynna niðurstöður þess á fundi haustið 2013. Foreldraráð og foreldrafélag leikskólans er virkt í starfi hans en leikskólastjóranum fannst með þetta verkefni eins og önnur „við erum aldrei nógu duglegar að láta foreldra vita hvað við erum að gera hér í leikskólanum og hafa foreldrana með í ráðum.“

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið var kynnt á ráðstefnunni Vaxtasprotar árið 2012.

Grein hefur verið skrifuð og verður birt í Netlu.

Lokaorð

Markmið þróunarverkefnisins var að stuðla að fræðslu og umræðum starfsfólks um hvað felst í lýðræðislegum skólabrag, viðhorfi og starfsháttum, að leita eftir hugmyndum frá starfsmannahópnum, foreldrum og börnum um starfshætti sem styrkja lýðræðislegan skólabrag í leikskólanum og reyna þær einn vetur í daglegu starfi og meta. Einnig að semja námskrá í lýðræði fyrir leikskólann Árbæ. Áður en þróunarverkefnið hófst hafði starfsfólkið lítið velt fyrir sér hvernig lýðræði tengdist daglegu starfi innan leikskólans. Gildandi samskiptasáttmáli laut að samskiptum starfsmanna og starfsgleði þeirra en náði ekki til barna né foreldra. Lítil hefð var fyrir því að hlusta markvisst eftir skoðunum barnanna og áhugasviði og skipulag, ákvarðanatöku og mat á starfi leikskólans var í höndum starfsfólks og að einhverju leyti foreldra með könnunum sem sveitarfélagið lét framkvæma. Þegar verkefnið var metið kom fram að starfsfólkið væri „með lýðræðisglæraugun uppi“ þegar starfið er skipulagt og metið og þegar ákvarðanir eru teknar dag frá degi.

Í upphafi verkefnisins var lýðræði í huga starfsfólks kosningar og meirihlutavilji. Tilhneiging var til að leita til leikskólastjórans með álitamál og ákvarðanatöku um dagleg atriði. Einnig var tilhneiging hjá starfsfólki til að varpa ábyrgð á deildarstjóra. Eftir því sem

leið á verkefnið jókst samvinna starfsfólksins og ábyrgð þess á verksviði sínu að sama skapi. Er það í samræmi við niðurstöður annarra rannsókna sem sýna að lýðræðisleg samvinna, siðir og venjur auki eignarhald fólks á starfi sínu (Dewey, 2007; Malaguzzi, 1993; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011; Noddings, 1992,1995,2003).

Þegar leið á verkefnið og starfsfólkið hafði farið í gengum fræðslu og umræður um hvernig lýðræði birtist í daglegum samskiptum, skipulagi og verkefnum (Dewey, 2007; Rinaldi, 2006; Wolfgang Edelstein 2008) fór það smám saman að velta fyrir sér hvernig hægt væri að mæta börnunum á jafningjagrunni, auka þátttöku þeirra og áhrif á starfsemi leikskólans og að haga skipulagi starfsins þannig að börnin hafi eitthvað um það að segja. Hugarflugsfundir skiluðu nokkrum tillögum um aukin áhrif barnanna á val á verkefnum og að þau taki þátt í að móta reglur deildarinnar. Einnig þjálfaði starfsfólkið sig í því að hlusta á börnin á virkan hátt (Canella og Kincheloe, 2002; Carr, 2001, Rinaldi, 2006).

Starfsfólkið talaði um að þátttaka þeirra í verkefninu hefði orðið þess valdandi að þeir fóru að verða sveigjanlegri í samskiptum sínum við börnin og fylgdust betur en áður með líðan þeirra og áhuga og studdu við þau. Það taldi viðhorf sín til barnanna hafa að vissu leyti breyst, þau voru höfð með í ráðum í auknu mæli og leitað var eftir sjónarmiðum þeirra oftar. Er það í samræmi við aðrar rannsóknir sem sýna mikilvægi lýðræðislegra viðhorfa hjá starfsfólki leikskóla (MacNaughton, Huges og Smith, 2007).

Í lok verkefnisins var starfsfólkið orðið meðvitaðra um viðhorf sín til barnanna, foreldra og til hvers annars og taldi sig líta starfið öðrum augum en áður. Það sem helst vafðist fyrir því var „hversu lýðræðislegt“ það átti að vera? Sumir áttu við vott af ákvarðanafælni að stríða þar sem það taldi sig þurfa að bera öll mál undir samstarfsfólk, foreldra og börn. Áður tóku t.d. deildarstjórar ákvarðanir og sögðu starfsfólki á sinni deild hvernig hlutirnir ættu að ganga fyrir sig. Að sama skapi spurði það sig hvað væri við hæfi að bera undir börnin og foreldra og hvað ekki. Kom 3. grein *Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* (1989) að góðu gangi en þar segir að allar ákvarðanir er varða börn skulu byggðar á því sem barninu er fyrir bestu. Einnig gat starfsfólkið stuðst við lög um leikskóla (Lög um leikskóla nr. 90/2008) varðandi samskipti við foreldra sem undirstrika að uppeldi barna er á ábyrgð foreldra þeirra. Því ætti starfsfólk leikskóla að vera í góðu samstarfi við foreldra um allar ákvarðanir sem tengjast námi barns þeirra.

Í þróunarverkefninu sem hér hefur verið lýst, var lögð áhersla á að auka þekkingu starfsfólks leikskólans Árbær á lýðræðislegum starfsháttum og veita þeim stuðning við að þróa vinnubrögð í anda samvinnu og virkrar hlustunar. Niðurstöður verkefnisins sýna áhugaverðar vangaveltur starfsfólks í samvinnu við börnin á leikskólanum Árbæ og að hluta

til foreldra þeirra í þá veru að auka þátttöku starfsfólks, foreldra og barna í starfi leikskólans, ákvarðanatöku og auka formleg tækifæri til þátttöku barna, foreldra og starfsfólks í starfi leikskólans. Þeirri vinnu lauk með gerð námskrá í lýðræði og mannréttindum sem mun nýtast öllum sem að skólastarfi Árbæjar koma á næstu árum. Eins og rannsóknir sýna (Anna Magnea Hreinsdóttir, 2009) getur aukin áhersla á sjónarmið barna, virka þátttöku þeirra og áhrif verið helsta breytingaraflíð í framþróun leikskólastarfs á næstu árum.

Árbæ, 13. júní 2013

Anna Magnea Hreinsdóttir leikskólafulltrúi

Heimildir

Ainscow, M., Booth, T. og Dyson, A. (2004). Understanding and developing inclusive practices in schools: A collaborative action research network. *International Journal of Inclusive Education*, 8(2), 125–139.

Anna Magnea Hreinsdóttir. (2009). „Af því að við erum börn“: lýðræðislegt umræðumat á menntun barna og þjónustu fjögurra íslenskra leikskóla. Óbirt doktorsritgerð. Háskóli Íslands, menntavísindasvið.

Bello, E. E. (2006). Initiating a collaborative action research project: From choosing a school to planning the work on an issue. *Educational Action Research*, 14(1), 3–21.

Cannella, G. S. og Kincheloe, J. L. (2002). *Kidworld. Childhood studies, global perspectives, and education*. New York: Peter Lang.

Carr, M. (2001). *Assessnebt in early childhood settings. Learning stories*. London: Paul Chapman.

Dewey, J. (2007). *Democracy and Education*. Teddington: The Echo Library. (Upphaflega gefið út 1916).

Edda Kjartansdóttir. (2010). Starfendarannsóknir til valdeflingar. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Sótt 1. apríl 2013 af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/007.pdf>

Hafþór Guðjónsson. (2008, 4. apríl). Starfendarannsóknir í Menntaskólanum við Sund. Netla. Sótt 2. febrúar 2009 af <http://netla.khi.is/greinar/2008/002/index.htm>

Hopkins, D. (1992). *A teacher's guide to classroom research*. Philadelphia: Open University Press.

Kemmis, S. (1993, 13. janúar). Action research and social movement: A challenge for policy research. *Education Policy Analysis Archives* 1(1). Sótt 3. febrúar 2009 af <http://epaa.asu.edu/epaa/v1n1.html>

Kincheloe, J. L. (2006). *Teachers as researchers: Qualitative inquiry as a path to empowerment*. New York: Routledge.

Lög um leikskóla nr. 90/2008

MacNaughton, G., Hughes, P., og Smith, K. (2007). Young children's rights and public policy: Practices and possibilities for citizenship in the early years. *Children and Society*, 21(6), 458–469

Malaguzzi, L. (1993). History, ideas and basic philosophy. Í C. Edwards, Gandini, L. og Forman, G. (ritstjórar), *The hundred language of children* (bls. 57–61). Norwood, NJ: Ablex.

McNiff, J. (2002). *Action research for professional development*. Sótt 21. júní 2012 af <http://jeanmcniff.com/booklet1.html>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá leikskóla*. Sótt 20. desember 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/>

Noddings, N. (1992). *The challenge to care in schools: An alternative approach to education*. New York: Teachers College Press

Noddings, N. (1995). *Philosophy of education: Dimensions of philosophy series*. Colorado: Westview Press

Noddings, N. (2003). *Happiness and education*. Cambridge: Cambridge University Press

Rinaldi, C. (2006). *In dialog with Reggio Emilia: Listening, researching and learning*. London: Routledge.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. (1989). Sótt 21. júní 2012 af http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/.

Wolfgang Edelstein. (2008). Hvað geta skólar gert til að efla lýðræði?: hæfni og færni í draumalandi. Í Dóra S. Bjarnason, Guðmundur Hálfðánarson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson og Ólöf Garðarsdóttir (ritstjórar), *Menntaspor: rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008*. (bls. 65–78). Reykjavík: Sögufélag.